# ÁRSSKÝRSLA 2025



## Frjálsíþróttadeild UMF.Selfoss

**Stofnuð 1962**

# Formannspistill

Nú er enn eitt ár liðið í starfsemi deildarinnar. Starfið hefur gengið mjög vel eins og mörg undanfarin ár. Góður árangur náðist á mótum, margar persónulegar bætingar, mörg HSK met og margir iðkendur deildarinnar kepptu fyrir Íslands hönd á aðþjóðlegum mótum.

Þorvaldur Gauti Hafsteinsson, Daníel Breki Elvarsson, Ívar Ylur Birkisson og Hanna Dóra Höskuldsdóttir kepptu öll á Norðurlandameistaramóti U20 sem fram fór í Uppsala í Svíþjóð. Eva María Baldursdóttir keppti á Evrópumeistaramóti U23 í Bergen í Noregi. Bryndís Embla og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson kepptu á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fór í Skopje í Norður Makedóníu. Hjálmar keppti einnig í tugþraut á NM U18.
Örn okkar Davíðsson keppti í spjótkasti fyrir Ísland á smáþjóðaleikunum sem fram fóru í Andorra sl. sumar. Örn kastaði 68,08m og náði silfri.

Lið HSK Selfoss sigraði MÍ 15-22 ára utanhúss sem fram fór í Reykjavík sl. sumar.

Á Bikarkeppni FRÍ sem fram fór á Sauðárkróki síðasta sumar urðu 15 ára stúlkur HSK/Selfoss bikarmeistarar utanhúss. Kristinn Þór Kristinsson var bikarmeistari í 1500m hlaupi og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson var bikarmeistari í hástökki.

Eva María Baldursdóttir stóð sig mjög vel á árinu 2025. Hún var valin íþróttakona Ungmennafélags Selfoss fyrir árið 2025. Stökk 1,84m sl. sumar sem er þriðja hæsta stökk íslenskrar konu frá upphafi.

Deildin kom að því að halda MÍ fullorðinna á Selfossvelli sl. sumar. Framkvæmd mótsins tókst mjög vel. Til gamans má geta að sett var Íslandsmet í sleggjukasti kvenna á mótinu. Á mótinu urðu þau Bryndís Embla Einarsdóttir og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Íslandsmeistarar, Bryndís Embla í spjótkasti og Hjálmar í hástökki. Einnig má geta þess að Daníel Breki Elvarsson og félagar hans í Skálin Entertainment fengu viðurkenningu fyrir miðlunina á mótinu. Þetta framtak þeirra lyfti framkvæmd og ásýnd mótsins á hærri stall og vonandi sjáum við meira af þessu á komandi mótum.

Nú mörg fleiri mót voru haldin og sótt af iðkendum deildarinnar og ég tel þau ekki öll upp hér en nánari upplýsingar má finna í ársskýrslunni.

Meistaraflokkur fór í æfingaferð til Tenerife sl. páska og tókst ferðin vel. Fyrirhuguð er svo stór ferð með um 50-60 manns á Gautaborgarleikana næsta sumar en hefð er fyrir því að fara á það mót annað hvert ár.

Fjöldi iðkenda í akademíu við FSu hefur áfram verið með ágætum og kemur það sér rekstri deildarinnar vel. En ríflega 20 nemendur við FSu stunda æfingar í frjálsíþróttaakademíunni. Akademían var sett á laggirnar árið 2015 og hefur starfað sleitulaust síðan.

Grýlupottahlaupið var á sínum stað í starfi deildarinnar sl. vor og var þátttaka með ágætum þrátt fyrir að ekki hafi alltaf viðrað vel. Hlaupið verður að sjálfsögðu á dagskrá í vor og verður þetta í 56.skipti sem hlaupið er haldið. Til gamans má geta að fyrsta hlaupið var haldið 12.janúar 1969 og hlaupið hefur verið nær árlegur viðburður allar götur síðan.

Brúarhlaupið var einnig á sínum stað í fyrrasumar. Framkvæmd hlaupsins tókst mjög vel og var fjöldi þátttakenda svipaður frá fyrra ári. Kemur það sér vel fyrir fjárhag deildarinnar þar sem það er ein stærsta fjáröflun hennar.

Fjármál deildarinnar eru í jafnvægi ef svo má að orði komast. Lítilsháttar afgangur varð af rekstri deildarinnar en eins og alltaf þarf að halda vel á málum og passa vel upp á þann varasjóð sem deildin hefur byggt upp á löngum tíma.
Kiwanisklúbburinn Búrfell kom færandi hendi sl. haust og gaf deildinni 250 þúsund krónur til að efla starf hennar en það voru þeir Diðrik Haraldsson og Hilmar Þór Björnsson sem komu færandi hendi og afhentu deildinni þessa peningagjöf. Jafnframt þökkuðu þeir deildinni fyrir samstarfið en iðkendur deildarinnar hafa tekið þátt í sölu K-lykilsins sem Kiwanis stendur fyrir. Deildin þakkar kærlega fyrir þennan stuðning og metur þetta samstarf mikils.
Nýlega var gert samkomulag við Kappahl á Íslandi um merkingar á Selfoss höllinni og mun sá samningur koma deildinni mjög vel næstu 5 árin.

Deildin hefur sem fyrr á að skipa framúrskarandi þjálfurum. Engar stórar breytingar urðu á þjálfarahópnum á síðasta ári. Það er ómetanlegt fyrir deildina og starf hennar að hafa svona stöðugan og góðan þjálfarahóp.

Það má segja að það séu ákveðin tímamót í starfi deildarinnar á þessum fundi en tveir máttarstólpar sem hafa starfað fyrir deildina eru nú að láta af störfum fyrir hana. Það er vart hægt að lýsa því í orðum hvað þau Helgi og Sigríður Anna hafa gert fyrir deildina og starf hennar.
Sigríður Anna Guðjónsdóttir hefur starfað hjá deildinni um langt skeið og nú síðustu ár sem framkvæmdastjóri hennar.
Helgi Haraldsson mun hætta í stjórn deildarinnar eftir áratugalangt starf fyrir deildina en Helgi hefur nýlega tekið við margvíslegum störfum fyrir íþróttahreyfinguna á landsvísu. Helgi var formaður deildarinnar í um 25 ár og hefur síðustu ár verið gjaldkeri í stjórn deildarinnar.
Stjórn deildarinnar þakkar Helga og Sigríði innilega fyrir þeirra störf og framlag síðustu áratugi. Það eru stór skörð sem þarf að fylla í og nýrrar stjórnar bíður ærið starf að skipuleggja sína vinnu að nýju. Það er oft sagt að enginn viti hvað átt hefur fyrr en misst hefur og ég hef grun um að við eigum eftir að uppgötva það hjá deilidinni á komandi misserum.

Að lokum vil ég þakka stjórn deildarinnar fyrir samstarfið á árinu og öllum þjálfurum, foreldrum, sjálfboðaliðum og iðkendum. Einnig þakka ég öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum sem styrktu starfsemi deildarinnar með margvíslegum hætti á síðasta ári, má þar helst nefna EB Kerfi, Coca Cola, Landsbankann, Eimskip, Fætur Toga og Nettó.




Stjórn, framkvæmdastjóri og yfirþjálfari Frjálsíþróttadeildar Selfoss árið 2025.
Frá vinstri: Sigríður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri, Hanna Dóra Höskuldsdóttir meðstjórnarndi, Þuríður Ingvarsdóttir ritari, Helgi Sigurður Haraldsson gjaldkeri, Guðrún Ása Kristleifsdóttir meðstjórnandi, Vigfús Þór Hróbjartsson meðstjórnandi, Hjalti Jón Kjartansson formaður, Elvar Atli Hallsson meðstjórnandi og Rúnar Hjálmarsson yfirþjálfari.

# Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss

| | | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **10000 REKSTRARTEKJUR** | | | | |
| 11000 | Framlög og styrkir | 1 | 9.306.248 | 8.775.658 |
| 22000 | Félags- og æfingagjöld | 2 | 11.016.912 | 9.434.378 |
| 22250 | Aðrar tekjur | 3 | 2.510.000 | 2.390.000 |
| 2999 | Rekstrartekjur alls | | 22.833.160 | 20.600.036 |
| **30000 REKSTRARGJÖLD** | | | | |
| 31000 | Laun og verktakagreiðslur | 4 | 15.491.224 | 15.221.836 |
| 36000 | Félagaskipti og sala leikmanna | 5 | 0 | 10.000 |
| 37000 | Áhöld og tæki | 6 | 21.980 | 67.673 |
| 40000 | Þátttaka í mótum | 7 | 759.240 | 1.363.981 |
| 45000 | Kostnaður v/mótahalds | 8 | 127.194 | 119.680 |
| 53000 | Rekstur deildar/skrifstofu | 9 | 2.861.359 | 2.857.471 |
| 56000 | Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 10 | 990.000 | 329.525 |
| 60000 | Kostnaður v/samkeppnisreksturs | 11 | 1.509.235 | 822.649 |
| 65000 | Önnur gjöld | 12 | 144.449 | 0 |
| 72100 | Afskriftir | | 210.184 | 196.928 |
| 74999 | Rekstrargjöld alls | | 22.114.865 | 20.989.743 |
| 75000 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða | | | 718.295 | ( 389.707 ) |
| **76000 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | | | |
| 76100 | Vaxtatekjur | | 518.036 | 574.597 |
| 76200 | Vaxtagjöld | | ( 34.481 ) | ( 21.058 ) |
| 76500 | Þjónustugjöld banka | | ( 6.147 ) | ( 141.423 ) |
| 76700 | Fjármagnstekjuskattur | | ( 398 ) | 23.091 |
| 78999 | Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | | 477.010 | 435.207 |
| **79000 Hagnaður (tap) tímabilsins** | | | 1.195.305 | 45.500 |

| | | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **80000 EIGNIR** | | | | |
| **81000 FASTAFJÁRMUNIR** | | | | |
| 83200 | Áhöld og tæki | | 1.254.191 | 1.393.546 |
| 83210 | Tölvur og tímatökutæki | | 637.465 | 708.294 |
| 83250 | Bingóspjöld | | 15.095 | 15.095 |
| 83500 | Gámur | | 350.000 | 0 |
| 84999 | Fastafjármunir alls | | 2.256.751 | 2.116.935 |
| **85000 VELTUFJÁRMUNIR** | | | | |
| 87100 | Viðskiptakröfur | | 263.678 | 879.111 |
| 87150 | Sportabler | | 7.776 | 0 |
| 88000 | Handbært fé | 13 | 17.940.240 | 12.888.709 |
| 89998 | Veltufjármunir alls | | 18.211.694 | 13.767.820 |
| 89999 | Eignir samtals | | 20.468.445 | 15.884.755 |
| **90000 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | | | | |
| **91000 EIGIÐ FÉ** | | | | |
| 91100 | Óráðstafað eigið fé | | 13.180.524 | 13.135.024 |
| 91300 | Tekjuafgangur ársins | | 1.195.305 | 45.500 |
| 91999 | Eigið fé alls | | 14.375.829 | 13.180.524 |
| **94000 SKAMMTÍMASKULDIR** | | | | |
| 94001 | Ógreidd launatengd gjöld | 14 | 213.606 | 207.452 |
| 95700 | Viðskiptaskuldir | | 5.879.010 | 2.496.779 |
| 99997 | Skammtímaskuldir alls | | 6.092.616 | 2.704.231 |
| 99999 | Skuldir og eigið fé samtals | | 20.468.445 | 15.884.755 |

# Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss

| | | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **11000 1.** | **Framlög og styrkir** | | |
| 11120 | Ferðastyrkur frá ÍSÍ | 76.800 | 5.131 |
| 11300 | Lottó | 1.086.380 | 904.200 |
| 11522 | Frjálsíþróttaakademía | 3.083.827 | 3.211.113 |
| 11525 | Styrkur v/fyrirmyndarfélag | 0 | 500.000 |
| 11530 | Styrkir frá opinberum aðilum | 300.000 | 300.000 |
| 11630 | Verkefnasjóður HSK | 420.000 | 120.000 |
| 11735 | Styrkur v/starfsmaður deilda | 2.101.050 | 1.972.000 |
| 11745 | Styrkir vegna reksturs mfl. | 350.000 | 350.000 |
| 11750 | Barna- og unglingastyrkur UMFS | 777.996 | 450.746 |
| 12100 | Ýmis fyrirtæki | 1.110.195 | 962.468 |
| 14999 | Framlög og styrkir alls | 9.306.248 | 8.775.658 |
| **22000 2.** | **Félags- og æfingagjöld** | | |
| 22200 | Æfingagjöld | 8.672.262 | 6.935.626 |
| 22220 | Þátttökugjöld vegna akademíu | 2.344.650 | 2.498.752 |
| 22249 | Félags - og æfingagjöld samtals | 11.016.912 | 9.434.378 |
| **22250 3.** | **Aðrar tekjur** | | |
| 23300 | Brúarhlaup tekjur | 2.510.000 | 2.265.000 |
| 23600 | Aðrar fjáraflanir | 0 | 125.000 |
| 29998 | Aðrar tekjur samtals | 2.510.000 | 2.390.000 |
| **31000 4.** | **Laun og verktakagreiðslur** | | |
| 32200 | Laun þjálfara | 5.787.000 | 5.540.250 |
| 32500 | Tryggingagjald | 497.090 | 479.310 |
| 32600 | Lífeyrissj./endurmenntunarsj. | 781.251 | 747.932 |
| 32700 | Orlofs- og sjúkrasjóður | 95.500 | 91.419 |
| 33200 | Bifreiðastyrkir þjálfara | 1.260.000 | 1.260.000 |
| 33500 | Dagpeningar | 780.000 | 780.000 |
| 34100 | Laun starfsmanna | 939.800 | 921.000 |
| 34200 | Laun þjálfara meistaraflokks | 1.376.840 | 2.126.000 |
| 34500 | Laun þjálfara yngri flokka | 3.973.743 | 3.275.925 |
| 34999 | Laun og verktakagreiðslur alls | 15.491.224 | 15.221.836 |
| **36000 5.** | **Félagaskipti og sala leikmanna** | | |
| 36400 | Félagaskipti | 0 | 10.000 |
| 36499 | Félagaskipti og sala leikmanna alls | 0 | 10.000 |
| **37000 6.** | **Áhöld og tæki** | | |
| 37100 | Búningar | 21.980 | ( 21.447 ) |
| 37200 | Íþróttaáhöld | 0 | 89.120 |
| 39999 | Áhöld og tæki alls | 21.980 | 67.673 |
| **40000 7.** | **Þátttaka í mótum** | | |
| 42510 | Annar kostn. erlendis | 129.840 | 446.701 |
| 43000 | Þátttökugjald | 629.400 | 917.280 |
| 44999 | Þátttaka í mótum alls | 759.240 | 1.363.981 |
| **45000 8.** | **Kostnaður v/mótahalds** | | |
| 45100 | Verðlaunapeningar/bikarar | 70.465 | 71.425 |
| 46100 | Annar mótahaldskostnaður | 56.729 | 48.255 |
| 47999 | Kostnaður v/mótahalds alls | 127.194 | 119.680 |
| **53000 9.** | **Rekstur deildar/skrifstofu** | | |
| 53100 | Sími | 0 | 48.231 |
| 54100 | Annar skrifstofukostnaður | 480.359 | 359.240 |
| 54200 | Flutningskostnaður | 31.000 | 0 |
| 54600 | Kostnaður v. þjálfara | 2.350.000 | 2.450.000 |
| 55999 | Rekstur deildar/skrifstofu alls | 2.861.359 | 2.857.471 |

| | | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **56000** | **10. Kynning, fræðsla og útbreiðsla** | | |
| 56100 | Námskeiðsgjöld | 25.000 | 0 |
| 56300 | Styrkir til afreksmanna | 570.000 | 0 |
| 56600 | Árgjöld til sérsambanda | 375.000 | 329.525 |
| 59100 | Annar fræðslu og útbreiðslukostnaður | 20.000 | 0 |
| 59999 | Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls | 990.000 | 329.525 |
| **60000** | **11. Kostnaður v/samkeppnisreksturs** | | |
| 62200 | Kostnaður v/Brúarhlaups | 1.439.775 | 796.609 |
| 62500 | Kostnaður v/Grýlupottahlaup | 69.460 | 26.040 |
| 64999 | Kostnaður v/samkeppnisreksturs alls | 1.509.235 | 822.649 |
| **65000** | **12. Önnur gjöld** | | |
| 65100 | Þjónustugj. kreditk. Sportabler | 144.449 | 0 |
| 71100 | Önnur gjöld alls | 144.449 | 0 |
| **83000** | **12. Varanlegir rekstrarfjármunir** | | |
| 83200 | Áhöld og tæki | 1.254.191 | 1.393.546 |
| 83210 | Tölvur og tímatökutæki | 637.465 | 708.294 |
| 83250 | Bingóspjöld | 15.095 | 15.095 |
| 83500 | Gámur | 350.000 | 0 |
| 83999 | Varanlegir rekstrarfjármunir alls | 2.256.751 | 2.116.935 |
| **88000** | **13. Handbært fé** | | |
| 88100 | 152-26-14540 LÍ | 3.604.969 | 2.909.111 |
| 88200 | 152-05-262814 Fjáröflun 9-11 ára | 31.326 | 30.769 |
| 88400 | 152-05-75245 Fjáröflun meistarafl. | 2.120 | 378.207 |
| 88500 | 0152-05-260118 Fjáröflun 12-14 ára | 5.845.564 | 2.086.141 |
| 88550 | 0152-15-381183 | 8.456.261 | 7.484.481 |
| 88997 | Handbært fé alls | 17.940.240 | 12.888.709 |
| **94001** | **14. Ógreidd launatengd gjöld** | | |
| 94120 | Ógreitt í lífeyrissjóð | 91.631 | 88.347 |
| 94140 | Ógreidd félagsgjöld | 11.922 | 11.495 |
| 94300 | Ógreidd staðgreiðsla | 69.692 | 68.456 |
| 94500 | Ógreitt tryggingagjald | 40.361 | 39.154 |
| 94997 | Ógreidd launatengd gjöld alls | 213.606 | 207.452 |

# Fjárhagsáætlun Frjálsíþróttadeildar Umf.Selfoss 2026.

**Tekjur.**

| | | |
|---|---|---|
| 11120 | Ferðastyrkir frá ÍSÍ | 80.000 |
| 11300 | Lottó | 1.000.000 |
| 11522 | Akademía | 3.000.000 |
| 11530 | Styrkir frá opinberum aðilum | 200.000 |
| 11630 | Verkefnasjóður HSK | 200.000 |
| 11735 | Styrkur v/starfsmaður deilda | 2.100.000 |
| 11745 | Styrkur v. reksturs mfl. | 350.000 |
| 11750 | Barna-og unglingastyrkur UMFS | 800.000 |
| 12100 | Ýmis fyrirtæki | 200.000 |
| 22200 | Æfingagjöld | 12.000.000 |
| 23300 | Brúarhlaup | 2.550.000 |
| | | 22.480.000 |

**Gjöld.**

| | | |
|---|---|---|
| 32200 | Laun og launakostnaður | 18.500.000 |
| 43000 | Þátttökugjöld | 650.000 |
| 45100 | Verðlunapeningar/bikarar | 80.000 |
| 46100 | Annar mótahaldskostnaður | 80.000 |
| 54100 | Annar skrifstofukostnaður | 500.000 |
| 56300 | Styrkir til afreksmanna | 300.000 |
| 56600 | Árgjöld til sérsambanda | 400.000 |
| 62200 | Kostnaður v.Brúarhlaups | 1.500.000 |
| 62500 | Kostnaður v. Grýlupottahlaups | 70.000 |
| 65100 | Þjónustugjöld | 150.000 |
| | Afskriftir | 250.000 |
| | | 22.480.000 |

| | | |
|---|---|---|
| 76100 | Vaxtatekjur | 350.000 |

**Rekstrarafgangur** 350.000

**Meistaraflokkur Umf.Selfoss**

Mæting á æfingar var fín á árinu, hópur af ungmennum að æfa og skiptir þar sköpum að hafa innanhússaðstöðuna alltaf til taks. Mjög mörg afrek voru unnin, stórir titlar , HSK-met, Íslandsmet og fullt af persónulegum bætingum. Flott þátttaka var í akademíunni sem skiptir deildina miklu máli, þar er frábært tækifæri til að æfa á skólatíma. Margir iðkendur voru valdir í landsliðsverkefni á árinu.

**Helstu mót ársins 2025**

**Meistararamót Íslands í fjölþrautum 11.-12.janúar**

3 keppendur frjálsíþróttadeildar tóku þátt og urðu öll Íslandsmeistar Fjóla Signý Hannesdóttir varð Íslandsmeistari í fimmtarþraut kvenna. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð Íslandsmeistari í sjöþraut pilta og Anna Metta Óskarsdóttir varð Íslandsmeistari í fimmtarþraut stúlkna

**Unglingamót HSK 25.janúar**

Unglingamót HSK fór fram í Lindexhöllinni í lok janúar. Selfoss gjörsigraði stigakeppnina með miklum yfirburðum. Anna Metta Óskarsdóttir varð fjórfaldur HSK meistari í flokki 15 ára, Kári Sigurbjörn Tómasson varð þrefaldur HSK meistari í flokki 15 ára og Vignir Steinarsson varð tvöfaldur HSK meistari í flokki 18-19 ára.

**Unglingameistaramót Íslands 15-22 ára 15-16 febrúar**

Unglingameistaramót var haldið í Reykjavík um mjiðjan febrúar.Lið HSK/Selfoss varð í þriðja sæti í stigakeppni mótsins og tveir flokkar unnust. 15 ára flokkar stúlkur og 18-19ára flokkur pilta urðu Íslandsmeistarar. Selfosskeppendur unnu til 8 gullverðlauna, 9 silfurverðlauna og 7 bronsverðlauna. Hæst bar árangur Önnu Mettu Óskarsdóttur en hún varð sexfaldur Íslandsmeistari auk þess að setja nýtt Íslandsmet í þrístökki í flokki 15 ára stúlkna.

**Meistaramót Íslands, aðalhluti, 22-23. febrúar**

Meistaramót Íslands var haldið í Laugardagshöll í febrúar. Þrír keppendur frá Selfossi tóku þátt í mótinu að þessu sinni. Anna Metta Óskarsdóttir vann það afrek að vinna til bronsverðlauna í þrístökki með því að stökkva 11,33

**19.Bikarkeppni FRÍ 1.mars**

19. Bikarkeppni FRÍ var haldin 1.mars í Hafnarfirði. Ungt lið HSK/Selfoss endaði í 4 sæti kepnninnar. Kristinn Þór Kristinsson vann til silfurverðlauna í 800m hlaupi á tímanum 4;07,15mín og Örn Davíðsson vann til bronsverðlauna með því að kasta kúlunni 14,90m. Anna Metta Óskarsdóttir vann til silfurverðlauna í þrístökki með 11,46m löngu stökki og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson vann til silfurverðlauna í þrístökki með 12,68m löngu stökki.

**ACC (Atlantic Coast Conference) 2.mars**

ACC meistaramótið var haldið í Lousville í byrjun mars. Eva María Baldursdóttir náði þeim frábæra árangri að ná 4.sæti með því að stökkva yfir 1.80m.

**11. Bikarkeppni 15 ára og yngri 1.mars**

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri var haldin í Kaplakrika 1.mars. Lið HSK/Selfoss endaði í 5.sæti stigakeppninnar. Anna Metta Óskarsdóttir varð tvöfaldur Bikarmeistari en hún sigraði bæði langstökk og hástökk.

**Héraðsmót 15.mars**

Héraðsmótið fór fram í Lindexhöllinni á Selfossi um miðjan mars. Selfoss sendi 29 keppanda til leiks en alls voru skráðir 46 keppendur á mótið. Selfoss sigraði stigakeppnina örugglega. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð þrefaldur HSK meistari og þau Ólafur Guðmundsson, Hildur Helga Einarsdóttir, Anna Metta Óskarsdóttir og Hildur Helga Einarsdóttir náðu öll einum titli.

**Meistaramót Íslands í götuhlaupum**

Hið víðfræga ÍR hlaup fór fram á sumardaginn fyrsta að venju. Anna Metta Óskarsdóttir gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í 5km hlaupi.

**Vormót HSK 14.maí**

Vormót HSK fór fram á Selfossvelli 14. maí í blíðskaparveðri. Þátttakan á mótinu var mjög góð og náðist afbragðsárangur. Okkar folk vann til tveggja gullverðlauna í fullorðinsflokki. Örn Davíðsson sigraði spjótkastið í karlaflokki og Hugrún Birna Hjaltadóttir sigraði 300m grindahlaup kvenna. Auk þess varð Hjálmar Vilhelm tvöfaldur meistari í flokki 16- 17 ára en hann sigraði bæði spjótkast og kúluvarp. Félagi hans,

Kristján Kári Ólafsson sigraði sleggjukastið í sama aldursflokki og að lokum sigraði Bryndís Embla Einarsdóttir spjótkast í flokki 16-17 ára.

**ACC championship 17.maí**

Eva María Baldursdóttir stökk yfir 1.80m og vann til silfurverðlauna. Á mótinu kepptu íþróttamenn frá 18 háskólum innan ACC deildarinnar.

**Smáþjóðaleikarnir Andorra 26.-31.maí**

Örn Davíðsson vann silfurverðlaun í spjótkasti þegar hann kastaði spjótinu 68,08m

**Austurforkeppni NCAA 31.maí – 1.júní Florida, USA**

Eva María sigraði glæsilega þegar hún stökk yfir 1.82m í hástökki og bætti sinn besta árangur. Með þessum árangri þá tryggði Eva María sér sæti í lokakeppni NCAA

**Lokakeppni NCAA 11.-14.júní Eugene Oregon, USA**

Eva María bætti sinn besta árangur þegar hún stökk yfir 1.84m í hástökki og náði 12.sæti í þessari firnasterku keppni.

**Norðurlandameistararmótið í fjölþrautum Gautaborg 14.-15.júní**

Hjálmar Vilhelm stóð sig frábærlega á mótinu og setti nýtt Íslandsmet í tugþraut í flokki 16-17 ára. Hann endaði í fimmta sæti í keppninni eingöngu 37 stigum frá bronsverðlaunum.

**Unglingameistaramót Íslands 15-22 ára 20-22.júní**

Unglingameistaramót Íslands var haldið Í Reykjavík í júní. Lið HSK/Selfoss urðu Íslandsmeistarar liða með þvi að sigra stigakeppnina með glæsibrag og hlaut liðið 423 stig. Fjórir flokkur unnust, piltar 16-17 ára, piltar 18-19 ára, stúlkur 15 ára og stúlkur 18-19 ára. Alls unnu Seflosskeppendur 19 Íslandsmeistaratitla auk þess sem þeir unnu til 18 silfurverðlauna og 15 bronsverðlauna. Anna Metta Óskarsdóttir varð sexfaldur Íslandsmeistari og þær Ísold Assa Guðmundsdóttir og Þórhildur Sara Jónasardóttir urðu báðar þrefaldir Íslandsmeistarar.

**58. Bikarkeppni 5.-6.júlí**

58.Bikarkeppni FRI fór fram á Sauðárkróki 5.-6.júlí.  Lið HSK/Selfoss hafnaði í 5.sæti með 110 stig í heildarstigakeppninni sem er góður árangur hjá okkar unga keppnisliði. Selfosskeppendur hlutu 5 verðlaun.  Kristinn Þór Kristinsson varð Bikarmeistari í 1500m hlaupi og  Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð Bikarmeistari í hástökki. Eva María Baldursdóttir vann silfurverðlaun í hástökki og Anna Metta Óskarsdóttir vann til silfurverðlauna í þrístökki. Daníel Breki Elvarsson krækti sér í bronsverðlaun í spjótkasti og það gerði einnig Hanna Dóra Höskuldsdóttir í kringlukasti.

**15. Bikarkeppni FRÍ  15 ára og yngri 5.júlí**

15. Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri fór fram á Sauðárkróki.  Lið HSK/Selfoss hafnaði í 4.sæti keppninnar með 86 stig, aðeins einu stigi frá þriðja sæti. HSK/Selfoss stúlkurnar náðu þeim frábæra árangri að verða Bikarmeistarar í stúlknaflokki.  Anna Metta Óskarsdóttir  náði þeim stórkostlega árangri að verða þrefaldur Bikarmeistari

**Héraðsmót HSK 15.-16.júlí**

Héraðsmót HSK fór fram á Selfossvelli í frábæru veðri dagana 15.-16.júlí.  Selfyssingar mættu með sterkt lið til leiks og gjörsigruðu stigakeppnina. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og Anna Metta Óskarsdóttir urðu stigahæstu keppendur mótstins. Hjálmar Vilhelm varð fjórfaldur HSK meistari og Anna Metta Óskarsdóttir varð þrefaldur HSK meistari.  Þau Hildur Helga Einarsdóttir og Daníel Breki Elvarsson urðu bæði tvöfaldir HSK meistarar.

**NM unglinga**

NM unglinga var haldið í Uppsala í Svíþjóð í júlí.  3 iðkendur frjálsíþróttadeildar voru valdir í landslið  Íslands og stóðu sig mjög vel.  Daníel Breki kastaði sitt ársbesta í spjótkasti og náði 7.sæti. Þorvaldur Gauti bætti sinn besta árangur í 800m hlaupi og kom áttundi í mark og að lokum var Hanna Dóra Höskuldsdóttir með risabætingu í kringlukasti og náði 8.sæti.

**Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar**

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og Bryndís Embla Einarsdóttir voru valin til að keppa fyrir Íslands hönd á Evrópuhátíð Evrópuæskunnar í Skopje í N-Makedoníu.  Hjálmar Vilhelm stóð sig frábærlega við mjög krefjandi aðstæður og var rétt við sitt besta og náði 8.sæti örfáum stigum frá 3.sætinu.  Bryndís Embla Einarsdóttir náði 14.sæti í spjótkasti og átti flotta frumraun á alþjóða sviðinu.

**Evrópumeistaramót U23 17.júlí**

Eva María Baldursdóttir náði þeim frábæra árangri að ná lágmarki á Evrópumeistaramót U23 sem haldið var í Bergen í Noregi.  Eva María stökk yfir 1.77m og endaði í 15.sæti, aðeins einu sæti frá því að komast í úrslitakeppni mótsins

**26. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum 1.-3.ágúst**

26.Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum 1.-3.ágúst.. Mótið var mjög vel heppnað og frábært að sjá unglinga skemmta sér í hinum ýmsu íþróttagreinum og njóta þess að vera með fjölskyldu og vinum. Ísold Assa Guðmundsdóttir náði þeim glæsilega árangri að verða fjórfaldur Landsmótsmeistari. Anna Metta Óskarsdóttir varð þrefaldur Landsmótsmeistari og Bryndís Embla Einarsdóttir setti nýtt mótsmet í spjótkasti um leið og hún varð Landsmótsmeistari í spjóti.

**Meistaramót Íslands í fjölþrautum 16.-17.ágúst**

Meistaramót Íslands í fjölþrautum var haldið í Reykjavík helgina 16.-17.ágúst. Anna Metta Óskarsdóttir varð Íslandsmeistari í fimmtarþraut í flokki 15 ára og Magnús Tryggvi Birgisson vann til bronsverðlauna í fimmtarþraut í flokki 15 ára pilta.

**99. Meistaramót Íslands 23.-24.ágúst**

99. Meistaramót Íslands var haldið á Selfossi helgina 23.-24.ágúst.  Selfoss átti 19 keppendur á mótinu sem stóðu sig allir mjög vel.  Bryndís Embla Einarsdóttir varð Íslandsmeistari í spjótkasti er hún kastaði spjótinu 44,75m.  Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð einnig Íslandsmeistari í hástökki með því að stökkva yfir 1.93m. Þorvaldur Gauti Hafsteinsson vann til silfurverðlauna í 800m hlaupi og Örn Davíðsson kastaði spjótinu til silfurverðlauna.  Anna Metta Óskarsdóttir vann silfurverðlaun í þrístökki og þau Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og Ísold Assa Guðmundsdóttir unnu til bronsverðlauna, Hjálmar í kringlukasti og Ísold í stangarstökki.

# Verðlaun hjá meistaraflokknum á stórmótum 2025

## Unglingameistaramót Íslands, innanhúss

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Þorvaldur Gauti Hafsteinsson | 800m hlaup | 2;02,30m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | 2000m hlaup | 8;52,93m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Hástökk | 1,55m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Stangarstökk | 2,50m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Langstökk | 4,41m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Þrístökk | 5,20m |
| Silfur | Artur Thor Pardej | 3000m hlaup | 11;19,95m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Kúluvarp | 15,62m |
| Silfur | Daníel Breki Elvarsson | Kúluvarp | 10,57m |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | 60m hlaup | 8,38s |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | 300m hlaup | 45,73s |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | 800m hlaup | 2;55,02m |
| Silfur | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Stangarstökk | 2,50m |
| Silfur | Adda Sóley Sæland | Kúluvarp | 9,89m |
| Brons | Artur Thor Pardej | 1500m hlaup | 5;03,30m |
| Brons | Daníel Breki Elvarsson | Hástökk | 1,83m |
| Brons | Daníel Smári Björnsson | Þrístökk | 10,92m |
| Brons | Heimir Árni Erlendsson | Kúluvarp | 9,88m |
| Brons | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Hástökk | 1,41m |
| Brons | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Þrístökk | 10,15m |
| Brons | Arndis Eva Vigfúsdóttir | Kúluvarp | 11,75m |

## Meistaramót Íslands, innanhúss

| | | | |
|---|---|---|---|
| Brons | Anna Metta Óskarsdóttir | Þrístökk | 11,33m |

## Meistaramót Íslands í fjölþrautum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Sjöþraut | 4445 stig |
| Gull | Fjóla Signý Hannesdóttir | Fimmtarþraut | 2740 stig |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Fimmtarþraut | 3041 stig |

## Bikarkeppni FRÍ, innanhúss

| | | | |
|---|---|---|---|
| Silfur | Kristinn Þór Kristinsson | 1500m hlaup | 4;07,15 m |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | Þrístökk | 11,46m |
| Brons | Örn Davíðsson | Kúluvarp | 14,90m |

## Bikarkeppni FRÍ, 15 ára og yngri, innanhúss

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Hástökk | 1,55m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Langstökk | 5,06m |
| Brons | Magnús Tryggvi Birgisson | Langstökk | 5,05m |

**Unglingameistaramót Íslands, utanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Þorvaldur Gauti Hafsteinsson | 800m hlaup | 2:03,75m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Kringlukast | 50,63m |
| Gull | Kristján Kári Ólafsson | Sleggjukast | 51,36m |
| Gull | Daníel Smári Björnsson | Sleggjukast | 20,33m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Spjótkast | 54,42m |
| Gull | Daníel Breki Elvarsson | Spjótkast | 48,61m |
| Gull | Daníel Breki Elvarsson | Spjótkast | 49,61m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | 300m hlaup | 45,11s |
| Gull | Þórhildur Sara Jónasdóttir | 800m hlaup | 2;40,02m |
| Gull | Hugrún Birna Hjaltadóttir | 400m grind | 1;13,21m |
| Gull | Þórhildur Sara Jónasdóttir | 400m grind | 1;15,80m |
| Gull | Hugrún Birna Hjaltadóttir | 400m grindahlaup | 78,71s |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Hástökk | 1,57m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Langstökk | 5,16m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Þrístökk | 11,53m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Stangarstökk | 2,50m |
| Gull | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Stangarstökk | 2,50m |
| Gull | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Kringlukast | 31,02m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Spjótkast | 34,19m |
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Spjótkast | 42,52m |
| Gull | Adda Sóley Sæland | Sleggjukast | 32,12m |
| Silfur | Stormur Leó Guðmundsson | Stangarstökk | 1,90m |
| Silfur | Daníel Smári Björnsson | Langstökk | 5,70m |
| Silfur | Daníel Smári Björnsson | Þrístökk | 11,22m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Kúluvarp | 14,98m |
| Silfur | Daníel Breki Elvarsson | Kúluvarp | 10,71m |
| Silfur | Kári Sigurbjörn Tómasson | Spjótkast | 30,48m |
| Silfur | Vésteinn Loftsson | Kringlukast | 47,16m |
| Silfur | Daníel Breki Elvarsson | Kringlukast | 29,24m |
| Silfur | Kári Sigurbjörn Tómasson | Kringlukast | 33,77m |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | 800m | 2;55.47m |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | 80m grind | 13,26s |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | 300m hlaup | 48,85s |
| Silfur | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Hástökk | 1,59m |
| Silfur | Adda Sóley Sæland | Stangarstökk | 2,10m |
| Silfur | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Kringlukast | 23,83m |
| Silfur | Arndís Eva Vigfúsdóttir | Kringlukast | 30,39m |
| Silfur | Dagmar Sif Morthens | Spjótkast | 34,51m |
| Silfur | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Sleggjukast | 32,90m |
| Brons | Daníel Smári Björnsson | 400m grind | 1;11,93m |
| Brons | Daníel Smári Björnsson | Stangarstökk | 2,30m |
| Brons | Daníel Smári Björnsson | Kúluvarp | 9,48m |
| Brons | Vésteinn Loftsson | Spjótkast | 35,24m |
| Brons | Daníel Smári Björnsson | Spjótkast | 28,55m |
| Brons | Anna Metta Óskarsdóttir | 80m hlaup | 11,40s |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Brons | Adda Sóley Sæland | Langstökk | 4,61m |
| Brons | Hugrún Birna Hjaltadóttir | Langstökk | 5,06m |
| Brons | Arndís Eva Vigfúsdóttir | Kúluvarp | 11,53m |
| Brons | Adda Sóley Sæland | Kúluvarp | 9,54m |
| Brons | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Kúluvarp | 10,26m |
| Brons | Adda Sóley Sæland | Kringlukast | 30,75m |
| Brons | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kringlukast | 30,30m |
| Brons | Bryndís Embla Einarsdóttir | Sleggjukast | 40,24m |

**Meistararmót Íslands, utanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Spjótkast | 45,67m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Hástökk | 1,93m |
| Silfur | Þorvaldur Gauti Hafsteinsson | 800m hlaup | 2;04,73m |
| Silfur | Örn Davíðsson | Spjótkast | 60,27m |
| Silfur | Kristinn Þór Kristinsson | 1500m hlaup | 4;01,81m |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | Þrístökk | 11,55m |
| Brons | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Kringlukast | 42,95m |
| Brons | Hugrún Birna Hjaltadóttir | 400m grind | 1;12,56m |
| Brons | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Stangarstökk | 2,70m |

**Meistaramót Íslands í fjölþrautum, utanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Fimmtarþraut | 2802 stig |
| Brons | Magnús Tryggvi Birgisson | Fimmtarþraut | 2085 stig |

**Bikarkeppni FRÍ, utanúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Kristinn Þór Kristinsson | 1500m hlaup | 4;01,31m |
| Gull | Hjálmar Vilhelmsson | Hástökk | 1,94m |
| Silfur | Eva María Baldursdóttir | Hástökk | 1,73m |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | Þrístökk | 11,85m |
| Brons | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Kringlukast | 32,70m |
| Brons | Daníel Breki Elvarsson | Spjótkast | 52,01m |

**Bikarkeppni FRÍ, 15 ára og yngri, utanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Hástökk | 1,60m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Langstökk | 5,42m |
| Silfur | Adda Sóley Sæland | Kringlukast | 32,16m |
| Brons | Magnús Tryggvi Birgisson | Kringlukast | 35,05m |
| Brons | Adda Sóley Sæland | 300m hlaup | 47,15 s |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Brons | Ásta Kristín Ólafsdóttir | Kúluvarp | 9,82m |
| Brons | Ásta Kristín Ólafsdóttir | Spjótkast | 34,17m |

Frjálsíþróttaárið 2025 hjá 11-14 ára

Að venju var æft af krafti á árinu og alltaf nóg af verkefnum fyrir hópinn. Þessi hópur er saman settur úr tveimur flokkum. Hópi 3: Börn fædd 2013-2014 sem æfðu 3x í viku og hópi 4: börn fædd 2011-2012 sem æfðu 4x í viku. Voru æfingarnar hafðar fjölbreyttar þar sem mikið var lagt upp úr samheldni, vinskap og gleði, í bland við æfingar sem þjálfa þol, hraða, styrk og tækni í greinum. Vetraræfingarnar fara fram í Selfosshöllinni í flottu aðstöðunni sem frjálsarnar hafa þar og sumaræfingarnar eru svo úti á frjálsíþróttavelli. Á haustin færast iðkendur upp um flokka, elsti árgangurinn flyst upp í Meistaraflokk og næsti árgangur kemur inn (2015 árgangurinn að þessu sinni).

Að þjálfun flokksins komu nokkrir aðilar og reyndi því mikið á gott samstarf og samtal. Ágústa Tryggvadóttir sá um upplýsingagjöf og þjálfaði krakkana 2x í viku, með henni voru svo margreyndir þjálfarar á öðrum æfingum, Ólafur Guðmundsson var á einni æfingu í viku og lagði upp með stangarstökksþjálfunina. Rúnar Hjálmarsson sá um styrktaræfingarnar hjá hópi 4 og Hildur Helga Einarsdóttir þjálfaði hóp 3 1x í viku. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson var aðstoðarþjálfari.

Frjálsíþróttaárið var í heild flott hjá hópunum. Mikill áhugi og talsverðar framfarir hjá krökkunum. Árangurinn í bikarkeppninni um sumarið stóð sannarlega upp úr þar sem stúlkurnar 15 ára og yngri sigruðu og kom það ekki í ljós fyrr en eftir síðustu greinina með tilheyrandi gleði og fögnuði.

## Janúar-maí

**Stórmót ÍR** var 18.-19. janúar. 10 iðkendur í hópnum kepptu á mótinu og unnu til 10 verðlauna, 3 gull, 1 silfur og 6 brons og fjölmargar bætingar litu dagsins ljós.

**Aldursflokkamót HSK** var haldið 25. janúar í Selfosshöllinni. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með glæsibrag og unnu keppendur til 46 verðlauna, 17 gullverðlaun, 16 silfurverðlaun og 13 bronsverðlaun. Ásta Kristín Ólafsdóttir vann 3 greinar, Hilmir Dreki Guðmundsson vann 4 greinar og Magnús Tryggvi Birgisson vann 5 greinar.

**Meistaramót Íslands 11-14 ára** var haldið í Kaplakrika 8.-9. febrúar og þar kepptu börnin fyrir HSK/Selfoss sem endaði í 5. sæti í stigakeppninni. Það voru margir á meðal 10 efstu í grein sem gaf félaginu stig og vann hópurinn allur til 15 verðlauna samtals, 4 gull, 4 silfur og 7 brons. Í einstaka flokkum sigruðu 11 ára stúlkur stigakeppnina og 13 og 14 ára piltar urðu í 3. sæti. Andri Fannar Smárason og Kristján Karl Gunnarsson voru í boðhlaupssveit 13 ára stráka sem hljóp á tímanum 2:11,83 mín.

**Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri** var haldin í Kaplakrika 1. mars. HSK/Selfoss tók að sjálfsögðu þátt og lenti í 5. sæti í heildarstigakeppninni, þar sem kvennaliðið náði 5. sæti og karlaliðið 8. sæti. Fjórum sinnum voru keppendur HSK/Selfoss á meðal þriggja efstu, tvisvar sinnum í fyrsta sæti, og tvisvar sinnum í þriðja sæti. Anna Metta Óskarsdóttir sigraði báðar sínar greinar.

**Vormót HSK** var haldið á Selfossvelli 14. maí og áttum við þrjá fulltrúa þar sem stóðu sig vel og prófuðu sig fyrir sumarmótatímabilið.

## Júní-september

Sumartímabilið hófst svo af krafti strax í byrjun júní og var nóg að gera allt sumarið á mótum.

**Meistaramót Íslands 11-14 ára** var haldið á ÍR vellinum helgina 14.-15. júní. Það var fámennt lið Selfoss/HSK sem að mætti til leiks að þessu sinni en árangur var samt sem áður góður og fjölmargar bætingar sem að litu dagsins ljós. Á mótinu unnu keppendur HSK/Selfoss til 19 verðlauna, 6 gull, 6 silfur og 7 brons. Liðið varð í 5. sæti í heildarstigakeppninni og náði flokkur 12 ára stúlkna og 14 ára pilta þriðja sæti í sínum flokkum.

Iðkendur frá Selfossi stóðu sig vel og unnu til 16 verðlauna. Hilmir Dreki Guðmundsson (kúluvarpi), Kristján Karl Gunnarsson (spjótkasti) og Ásta Kristín Ólafsdóttir (spjótkasti) urðu Íslandsmeistarar í einni grein og Magnús Tryggvi Birgisson varð þrefaldur Íslandsmeistari, í þrístökki, kringlukasti og spjótkasti.

**Aldursflokkamót HSK** var haldið á Selfossvelli 24.-25. júní. Selfoss vann til 53 verðlauna á mótinu og sigraði nokkuð örugglega heildarstigakeppnina. 27 gull, 16 silfur og 11 brons. Mótið tókst vel til og góður árangur náðist. Magnús Tryggvi Birgisson náði þeim frábæra árangri að verða áttfaldur HSK meistari og Ásta Kristín Ólafsdóttir og Sigríður Elva Jónsdóttir urðu báðar sjöfaldir HSK meistarar.

**Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri** var haldið á Sauðárkróki 5. júlí. Þar átti HSK-Selfoss eitt lið í hvorum kynjaflokki og var árangurinn stórkostlegur. Stúlknaliðið varð Bikarmeistari og varð það ekki ljóst fyrr en eftir síðustu grein svo sigurinn var sætur. Strákaliðið var í 6. sæti og í heildarstigakeppninni varð HSK/Selfoss í 4. sæti með 86 stig. aðeins einu stigi frá þriðja sætinu. Anna Metta Óskarsdóttir varð þrefaldur bikarmeistari.

**Unglingalandsmót UMFÍ** var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Þar kepptu flestir okkar krakkar og stóðu sig mjög vel sem hluti af liði HSK/Selfoss, fullt af bætingum og verðlaunum. Börnin stóðu 47 sinnum á palli og voru 17 sinnum í fyrsta sæti, 20 sinnum í öðru sæti og 10 sinnum í þriðja sæti. Tveir keppendur frá Selfoss urðu landsmótsmeistarar en það voru þau Ásta Kristín Ólafsdóttir og Birkir Aron Ársælsson sem bæði unnu spjótkastið í 14 ára flokkum.

**Meistaramót Íslands í fjölþrautum** var haldið á ÍR vellinum 16. ágúst og þar átti flokkurinn einn fulltrúa, Magnús Tryggva Birgisson sem fékk brons í flokki 15 ára pilta með 2085 stig. Árangurinn var jafnframt HSK met í 14 og 15 ára flokkum.

**Meistaramót Íslands**-aðalhluti var haldið á Selfossi 22.-23. ágúst. Þar höfðu tveir iðkendur í hópnum náð tilsettum lágmörkum til að keppa, sem þau gerðu. Magnea Furuhjelm Magnúsdóttir (keppandi Dímon) sem keppti í 100m spretthlaupi og Magnús Tryggvi Birgisson sem keppti í þrístökki og var þetta góð reynsla fyrir þau.

**Slúttmótið** okkar var svo 20. ágúst. Þar kepptum við í nokkrum greinum, grilluðum svo pylsur á eftir og krakkarnir fengu skjal í lokin.

Allt árið héldum við svo nokkur skemmtileg mót bæði inn í höll og úti á Selfossvelli. Það voru haldin frekar mörg bætingarmót þetta sumarið og gaman var að gefa krökkunum tækifæri á bætingum, bæði voru greinar sem þau höfðu mikinn áhuga á að keppa í og svo líka greinar sem eru sjaldnar í boði eins og stangarstökk, sleggjukast og 2000m hlaup. Krökkunum finnst alltaf frábært að fá að keppa í þessum greinum líka og eignast árangur í þeim.

Fyrir utan þessi mót er einn og einn iðkandi sem tekur þátt í öðrum mótum og of langt mál að telja upp hér.

### September-desember

Á þessu tímabili fóru keppendur frá okkur og kepptu á **Bronsleikum** og **Silfurleikum ÍR,** og einnig héldum við **Jólamót** í Selfosshöllinni í desember. Einhverjir stigu sín fyrstu keppnisspor og gaman að sjá börnin taka framförum.

Eins og sjá má á þessum lista er að nægu að taka í frjálsum og nóg af verkefnum fyrir þessa áhugasömustu. Takk allir iðkendur, foreldrar og samstarfsfólk fyrir frábært ár, áfram Selfoss.

### Verðlaun á Meistaramóti Íslands 11-14 ára, innanhúss

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Sveit HSK/Selfoss | 4x200 m boðhl pilta 13 ára | 2:11,83 mín |
| | | | |
| Silfur | Hilmir Dreki Guðmundsson | Kúluvarp pilta 12 ára | 7,07 m |
| Silfur | Magnús Tryggvi Birgisson | Þrístökk pilta 14 ára | 10,57 m |
| | | | |
| Brons | Magnús Tryggvi Birgisson | Langstökk pilta 14 ára | 5,10 m |
| Brons | Ásta Kristín Ólafsdóttir | Kúluvarp stúlkna 14 ára | 8,85 m |

### Verðlaun á Meistaramóti Íslands 11-14 ára, utanhúss

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Hilmir Dreki Guðmundsson | Kúluvarp pilta 12 ára | 7,42 m |
| Gull | Kristján Karl Gunnarsson | Spjótkast pilta 13 ára | 34,30 m |
| Gull | Magnús Tryggvi Birgisson | Þrístökk pilta 14 ára | 11,67 m |
| Gull | Magnús Tryggvi Birgisson | Kringlukast pilta 14 ára | 37,19 m |
| Gull | Magnús Tryggvi Birgisson | Spjótkast pilta 14 ára | 39,16 m |
| Gull | Ásta Kristín Ólafsdóttir | Spjótkast stúlkna 14 ára | 40,03 m |
| | | | |
| Silfur | Andri Fannar Smárason | Spjótkast pilta 13 ára | 30,95 m |
| Silfur | Magnús Tryggvi Birgisson | Langstökki pilta 14 ára | 5,12 m |
| Silfur | Bjarkey Sigurðardóttir | Hástökk stúlkna 12 ára | 1,22 m |
| Silfur | Bjarkey Sigurðardóttir | Spjótkasti stúlkna 12 ára | 17,44 m |
| | | | |
| Brons | Hilmir Dreki Guðmundsson | Langstökk pilta 12 ára | 4,07 m |
| Brons | Sveit HSK/Selfoss | 4x100 m boðhl pilta 13 ára | 62,60 sek |
| Brons | Magnús Tryggvi Birgisson | 2000 m hlaup pilta 14 ára | 8:47,83 mín |
| Brons | Magnús Tryggvi Birgisson | Kúluvarp pilta 14 ára | 10,04 m |
| Brons | Sigríður Elva Jónsdóttir | 80 m grindahlaup stúlkna 13 ára | 15,40 sek |
| Brons | Sigríður Elva Jónsdóttir | Langstökk stúlkna 13 ára | 4,50 m |

**Verðlaun á Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri, innanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Langstökk stúlkna | 5,06 m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Hástökk stúlkna | 1,55 m |
| | | | |
| Brons | Magnús Tryggvi Birgisson | Langstökk pilta | 5,05 m |

**Verðlaun á Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri, utanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Langstökk stúlkna | 5,42 m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Hástökk stúlkna | 1,60 m |
| Gull | Sveit HSK/Selfoss A | 1000 m boðhlaupi stúlkna | 2:35,79 mín |
| | | | |
| Silfur | Adda Sóley Sæland | Kringlukast stúlkna | 32,16 m |
| | | | |
| Brons | Magnús Tryggvi Birgisson | Kringlukast pilta | 35,05 m |
| Brons | Ásta Kristín Ólafsdóttir | kúluvarp stúlkna | 9,82 m |
| Brons | Ásta Kristín Ólafsdóttir | spjótkast stúlkna | 34,17 m |
| Brons | Adda Sóley Sæland | 300 m hlaup stúlkna | 47,15 sek |

## Afreksmenn yngri flokka

Í stúlknaflokki er **Ásta Kristín Ólafsdóttir** afreksmaður yngri flokka árið 2025. Hún er liðtæk í mörgum greinum þó að hún sé sterkust í kastgreinunum. Hún var mikilvægur burðarstólpi deildarinnar á árinu, sinnti æfingum vel og uppskar bætingar í mörgum greinum.

Á MÍ 11-14 ára fékk Ásta brons í kúlu innanhúss og gull í spjótkasti utanhúss og var þar með Íslandsmeistari í spjótkasti 14 ára stúlkna er hún kastaði spjótinu 40,03m. Fyrir þann árangur var hún svo valin í æfingahóp unglingalandsliðs FRÍ. Ásta var einnig hluti af stúlknasveit HSK/Selfoss sem sigraði Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri á Sauðárkróki í sumar, þar sem hún náði í fullt af stigum fyrir félagið, hún varð í þriðja sæti í bæði spjótkasti og kúluvarpi og í sigursveitinni í 1000 m boðhlaupi sem að tryggði þeim endanlega bikartitilinn á mótinu. Á unglingalandsmóti UMFÍ varð hún unglingalandsmótsmeistari 14 ára stúlkna er hún kastaði spjótinu 35,85m. Á Aldursflokkamóti HSK innanhúss sigraði hún þrjár greinar og vann svo það frábæra afrek að verða sjöfaldur HSK meistari utanhúss sem sýnir fjölhæfni hennar. Það verður spennandi að fylgjast með Ástu Kristínu í framtíðinni.

